

Frumvarp til laga

um breytingu á búvörulögum, nr. 99/1993, með síðari breytingum
(niðurgreiðsla á raforku til garðyrkjubænda).

Flm.: Inga Sæland, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, Eyjólfur Ármannsson,
Guðmundur Ingi Kristinsson, Jakob Frímagn Magnússon,
Tómas A. Tómasson.

1. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 58. gr. skal ríkissjóður niðurgreiða garðyrkjubændum allan kostnað við flutning og dreifingu raforku vegna framleiðslu garðyrkjuafurða á árunum 2022, 2023, 2024 og 2025, að þeim skilyrðum uppfylltum að orkukaupin séu vegna atvinnustarfssemi, að niðurgreidd raforka sé sérmæld og fari einungis til loftræstingar eða lýsingar plantna til að örva vöxt þeirra, að framleiðslan sé ætluð til sölu og að ársnotkun sé meiri en 100 MWst á ári. Heildarfjárhæð niðurgreiðslna skv. 1. málsl. skal ekki takmarkast við heildarframlög í samningum sem íslenska ríkið gerir við framleiðendur garðyrkjuafurða.

Jafnframt skal ríkissjóður niðurgreiða garðyrkjubændum helming kostnaðar vegna uppbyggingar á dreifikerfi raforku til garðyrkjubýla, gróðrarstöðva og garðyrkjustöðva á árunum 2022, 2023, 2024 og 2025.

Heimilt er ráðherra að fela Matvælastofnun eða öðrum opinberum aðila að annast faglega umsjón með niðurgreiðslu á kostnaði við flutning og dreifingu raforku, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laga.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Frumvarp þetta var áður lagt fram á 151. löggjafarþingi (338. mál) og er nú endurflutt. Frumvarpið er að mestu leyti óbreytt en sú breyting er gerð að stuðningur skv. 1. gr. frumvarpsins tekur nú einnig til loftræstingar í gróðurhúsum, enda bentu Bændasamtökin á það í umsögn um frumvarpið á 151. löggjafarþingi að stór hluti orkunotkunar gróðurhúsa væri vegna loftræstingar.

Heimfaraldur COVID-19 og þær nauðsynlegu sóttvarnaaðgerðir sem þjóðir heimsins hafa þurft að grípa til hafa sýnt fram á það hve mikilvæg innlend matvælaframleiðsla er fyrir öryggi þjóða. Innlend matvælaframleiðsla er sérstaklega mikilvæg þegar þjóð er jafn einangruð og viðkvæm fyrir röskun á innflutningi á matvælum og Ísland. Þess vegna er fullt til efni til að ráðast í stórsókn í framleiðslu garðyrkjuafurða og fella niður þá múra sem standa í vegi fyrir því að efla megi innlenda framleiðslu. Aukin innlend matvælaframleiðsla mun einnig hafa jákvæð áhrif í baráttunni gegn efnahagsáhrifum COVID-19 næstu árin. Þar sem

frumvarpið leggur til auknar endurgreiðslur vegna kostnaðar sem fellur til frá ársbyrjun 2021 mun það hafa atvinnuskapandi áhrif þegar við gildistöku. Því er brýnt að frumvarpið verði samþykkt sem fyrst.

Framleiðsla garðyrkjuafurða hefur á síðustu áratugum eflst til muna á Íslandi. Þótt landið sé harðbýlt hafa garðyrkjubændur unnið mikið þrekvirki við að koma upp aðstöðu til að rækta hér matvæli sem áður þótti óhugsandi að rækta á norðurslóðum. Íslenskur almenningur hefur vegna framþróunar í garðyrkju haft greiðan aðgang að vörum sem áður þóttu munaðarvörur. Aðgengi að ódýrri orku hefur átt stóran þátt í uppbyggingu garðyrkju á Íslandi. Raforka er nauðsynleg í ylrækt til að lýsa og hita gróðurhús. Raforkuverð hefur því bein áhrif á það hversu mikið garðyrkjubændur geta framleitt og á hvaða verði þeir selja afurðir sínar til neytenda.

Raforka er nú markaðsvara og því þarf að greiða fyrir hana markaðsverð, sem sveiflast eftir framboði og eftirspurn. Til að stuðla að aukinni framleiðslu garðyrkjuafurða hefur íslenska ríkið í gegnum tíðina niðurgreitt að ákveðnu marki kostnað garðyrkjubænda við flutning og dreifingu á raforku. Þessar niðurgreiðslur gera garðyrkjubændum kleift að selja vörur á samkeppnishæfu verði þrátt fyrir mikið framboð af innfluttu erlendu grænmeti.

Þó eru ákveðnir vankantar á núverandi fyrirkomulagi. Niðurgreiðslur takmarkast við fyrirframákveðin heildarframlög á ári hverju og hver einstakur framleiðandi getur aðeins fengið tiltekinn hluta af niðurgreiðslum. Þá er í búvörusamningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða kveðið á um að framleiðendur skuli ávallt greiða að lágmarki 5% kostnaðar við flutning og dreifingu. Nú þegar hafa stjórnvöld endurskoðað samninga við garðyrkjubændur og boðað auknar niðurgreiðslur á næstu árum. Það er jákvætt fyrsta skref. Það er þó nauðsynlegt að ganga lengra.

Í frumvarpi þessu er lagt til að á næstu fjórum árum verði niðurgreiddur allur kostnaður við flutning og dreifingu raforku til framleiðslu á garðyrkjuafurðum. Ríkið verði því skuldbundið til að niðurgreiða kostnað óháð því hvort heildarkostnaður fari fram úr þeim viðmiðum sem kveðið er á um í samningum milli ríkisins og garðyrkjubænda og þeim viðmiðum sem kveða á um hámark hlutdeildar einstakra framleiðenda af heildarniðurgreiðslum.

Þegar ætlunin er að hefja framleiðslu garðyrkjuafurða eða auka við framleiðsluna þarf að byggja upp dreifikerfi eða stækka dreifikerfi til að auka flutningsgetu þess. Garðyrkjubændur geta alla jafna ekki valið milli dreifiaðila og þurfa að greiða háar fjárhæðir fyrir uppbyggingu dreifikerfa. Sá kostnaður er ekki niðurgreiddur og þessi rekstrarskilyrði mynda því ákveðna hindrun fyrir garðyrkjubændur sem gerir þeim erfitt fyrir ef þeir hyggjast auka við framleiðslu sína og dregur úr nýliðun í greininni. Stofnkostnaður er mikill og fastur rekstrarkostnaður einnig umtalsverður. Þess vegna er lagt til að ríkið niðurgreiði helming kostnaðar garðyrkjubænda við uppbyggingu á dreifikerfi raforku til garðyrkjubýla, gróðrarstöðva og garðyrkjustöðva.

Verði þetta frumvarp að lögum skapast kjöraðstæður fyrir garðyrkjubændur á Íslandi til að efla starfsemi sína og auka framleiðslu. Því er viðbúið að innlend framleiðsla á garðyrkjuafurðum aukist til muna og að fjöldi starfa skapist í greininni. Að auki hefur aukin framleiðsla garðyrkjuafurða jákvæð áhrif í öðrum greinum atvinnulífsins, svo sem byggingariðnaði. Þá er mikið framleitt af garðyrkjuafurðum á þeim svæðum landsins sem hvað mest finna fyrir samdrætti í ferðaþjónustu og því myndi stórsókn í þeirri framleiðslu sporna við auknu atvinnuleysi á þeim svæðum.

Um einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Lagt er til að við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða sem veiti garðyrkjubændum rétt til aukinna niðurgreiðslna á árunum 2022, 2023, 2024 og 2025. Ákvæðið felur í sér að tíma- bundið verði vikið frá því ákvæði 58. gr. búvörulaga sem fjallar um framlög íslenska ríkisins til framleiðenda garðyrkjuafurða að því leyti að framlög ríkisins takmarkist ekki af ákvæðum sammings þess við framleiðendur garðyrkjuafurða og viðmiðum um hámarkshlutdeild einstakra framleiðenda af framlögum ríkisins. Lagt er til að niðurgreiðslur fari aðeins til þeirra sem nota meira en 100 MWst á ári. Þetta viðmið er sambærilegt viðmiði í gildandi samningum milli garðyrkjubænda og íslenska ríkisins og ekki þykir ástæða til að víkja frá því.

Í 2. mgr. er þó kveðið á um ákveðin framlög sem ekki eru í núgildandi samningi milli íslenska ríkisins og framleiðenda garðyrkjuafurða, þ.e. til niðurgreiðslu á kostnaði við uppbyggingu á dreifikerfi raforku. Á grundvelli ákvæðisins ættu því garðyrkjubændur rétt á framlögum frá íslenska ríkinu sem nema helmingi þess kostnaðar sem þeir greiða á árunum 2022, 2023, 2024 og 2025 til uppbyggingar á dreifikerfi raforku.

Í 3. mgr. er kveðið á um sambærilegar heimildir til ráðherra til að útvista framkvæmd ákvæðisins til Matvælastofnunar eða annarra opinberra aðila og eru í 3. mgr. 58. gr.

Í 4. mgr. er kveðið á um skyldu ráðherra til að setja reglugerð um framkvæmd bráðabirgðaákvæðisins.

Um 2. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringar.